

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um takmörkun umferðar einkapotna um Reykjavíkurlflugvöll - MSS22070063

Áheyrnarfulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur til að borgarráð samþykki að fela borgarstjóra að ganga til samninga við samgönguyfirvöld um að beina umferð á einkapotum og þyrluflugi annað en um Reykjavíkurlflugvöll. Slíkar breytingar myndu hafa margs konar jákvæð áhrif á borgina, íbúa hennar og umhverfið. Hljóð- og loftmengun og almennt ónæði yrði minna, öryggi íbúa í miðborginni og í grennd við flugvöllinn myndi aukast og svo samræmist aðgerðin markmiðum borgarinnar í umhverfis- og loftslagsmálum svo fátt eitt sé nefnt.

Greinargerð:

Reykjavíkurlflugvöllur hefur lengi verið pólitískt bitbein og deilt um hvort eða hvenær hann skuli víkja sem sú miðstöð innanlandsflugs sem hann er í dag. Þessari tillögu er ekki ætlað að taka á nokkurn hátt afstöðu til þeirra deilna.

Hitt er ljóst að umferðin um Reykjavíkurlflugvöll er af ýmsum toga. Mikill fjöldi einkapota og þyrla fer um völlinn og er sú flugumferð sérlega truflandi og fylgir henni bæði hávaði og óþefur – oft á þeim tímum sólarhringsins þar sem almennt áætlunarflug er ekki í gangi.

Tillagan gengur út á að landingum einkapota og þyrla verði fundinn annar staður, s.s. á Keflavíkurlflugvelli eða á þyrlupöllum fjær íbúabyggð. Áfram yrði vitaskuld heimilt að nota völlinn sem varaflugvöll eða til neyðarflugs slíkra farartækja. Meginreglan væri hins vegar að einkapotur og þyrlur stæðu ekki á Reykjavíkurlflugvelli.

Fyrirmyndin að slíku samkomulagi væri t.a.m. samkomulag sem þáverandi borgarstjóri og þáverandi innanríkisráðherra undirrituðu þann 19. apríl 2013 þar sem tiltekið var að umferð herflugvéla og flugs tengdu hernaðarlegri starfsemi væri almennt óheimil um völlinn.

Meginröksemdin fyrir því að vísa einkapotunum og þyrluflugina á brott frá Reykjavíkurlflugvelli er að meginstefnu umhverfisleg en varðar einnig velferð íbúa borgarinnar sem oft hljóta mikið ónæði af flugumferðinni. Varla er til meira mengandi samgöngumáti en einkapotu- og þyrluflug auðkýfinga og auðmanna. Á tímum baráttu gegn hamfarahlýnun er ólíðandi að yfirvöld greiði fyrir og ýti jafnvel undir notkun slíkra farartækja með því að finna þeim stað í hjarta borgarinnar. Það þarf að senda skýr skilaboð um að Reykjavíkurborg ætli sér að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og fylgja því síðan fast á eftir með aðgerðum sem ná settum markmiðum.